

Reykjavík 3 nóvember 2010.

Hr Árni Páll Árnason, efnahag og viðskiptaráðherra.

Erindi.

Ég hef ítrekað send bréf til embætti sem kallar sig Fjármálaeftirlitið og ber samkvæmt lögum að hafa eftirlit yfir lífeyrissjóðum mínum sem heitir Gildi. Öll bréfaskrif mín eru til í skjalasafni þeirra. Ég hef ítrekað farið framá að stjórn og stjórnendum yrð vikið frá og skipaður eftirlitsmaður á meðan málefni sjóðsins sætir rannsókn, efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra eins og þér er kunnugt um. Svar frá Fjármálaeftirlitinu er einfald. Með vísan til 13 gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi er ekki unnt að svara erindi yðar frekar enn orðið er. Samkvæmt þessari 13 grein er ég ekki óviðkomandi aðili og sætti mig ekki við þau rök. Eins við ég geta þess að í Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands stendur í 72. gr. Eignaréttur er friðhelgur.

Árni Páll Jóhann Páll Símonarson kemur þetta mál við þetta eru mínir peningar, þess vegna er ég afar ósáttur að lögmaður frá Fjármálaeftirlitinu skuli beita þessum rétti. Það er greinilegt að regluverkið í kringum lífeyrissjóði er betra fyrir þá sem ráða enn nokkurn það kerfi sem Breznef lét sér detta í hug að setja.

Hins vegar er hægt að benda á í opinberri umræðu, virðist það þykkja eðlilegt og sjálfsagt, hversu absurd sem það kann að hljóma, að á Íslandi að menn sem gegna trúnaðarstörfum fyrir almenning víki ekki úr starfi tímabundið eða eru ekki látnir víkja úr starfi tímabundið á meðan opinber rannsókn á meintu ólöglegu athæfi þeirra eru í gangi.

Þess er óskað að framkvæmdarstjóri, stjórn og stjórnendur lífeyrissjóðsins Gildi verði leystir frá störfum á meðan málefni sjóðsins eru til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra.

Vænti svara sem fyrst við mínu erindi.

Jóhann Páll Símonarson sjómaður og sjóðfélagi í Gildi

Vinsamlega látið þetta erindi berast til Árna Páls Árnasonar.

Sama erindi verður sent til fjármálaráðherra Steingríms J. Sigfússonar.